


AÐALSKIPULAG AKRANESS 2005 - 2017 AKRANESHÖFN

Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi

Skipulagslýsing
janúar 2018



Skipulags- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**

GYLFI GUDJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí



EFNISYFIRLIT

1	Yfirlit	3
	1.1 Skipulagssvæði	4
2	Forsendur	4
	2.1 Hafnaraðstæður	4
	2.2 Skipulag	5
	2.2.1 Aðalskipulag	5
	2.2.2 Deiliskipulag	5
	2.3 Áformaðar breytingar	6
3	Viðfangsefni	6
	3.1 Breyting á aðalskipulagi	6
	3.2 Breyting á deiliskipulagi	7
4	Mat á umhverfisáhrifum	8
5	Skipulagsferli	9
	5.1 Lýsing	9
	5.2 Umsagnaraðilar	9
	5.3 Auglýsing tillagna og afgreiðsla	9
	5.3.1 Kynning og auglýsing	9
	5.3.2 Staðfesting og gildistaka	9
	5.4 Skil ábendinga og athugasemda við lýsingu	9

1 YFIRLIT

Bæjarstjórn Akraness áformar breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 og deiliskipulagi Akraneshafnar frá 1987 til samræmis við fyrirhugaðar framkvæmdir við hafnarsvæðið. Gert verður m.a. ráð fyrir lengingu sjóvarnargarðs Aðalhafnargarðs.

Í skipulagslýsingunni er gerð grein fyrir fyrirhugaðri breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og breytingu á deiliskipulagi Akraneshafnar, sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Í lýsingu koma fram áherslur sveitarstjórnar, upplýsingar um forsendur, stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.


Með framlagningu og kynningu lýsingar í upphafi verks er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við skipulagsvinnuna áður en gengið verður frá breytingartillögum til afgreiðslu og auglýsingar.



Mynd 1: Akraneshöfn. Mynd: Faxaflóahafnir

1.1 SKIPULAGSSVÆÐI

Skipulagssvæðið er suðurhluti Akraneshafnar og nær til aðalhafnargarðs og brimvarnargarðs. Breyting á deiliskipulagi á við samsvarandi hluta gildandi deiliskipulags.



Mynd 2: Loftmynd af svæðinu, sem breytingar ná til.

2 FORSENDUR

2.1 HAFNARAÐSTÆÐUR¹

Akraneshöfn er fyrst og fremst fiskihöfn þar sem togarar, uppsjávarveiðiskip og smábátar hafa landað afla sínum. Til ársins 1998 var höfnin ferjuhöfn fyrir Akraborg, en með opnun Hvalfjarðarganga lögðust þær siglingar af. Þrátt fyrir að ekki sé lengur framleitt sement á Akranesi er nokkur flutningur með sement enn til hafnarinnar, en sementsgeymar við höfnina eru notaðir til geymslu á innfluttu sementi. Þá er fluttur áburður um höfnina á fyrri hluta árs.

Hafnaraðstæður á Akranesi eru fremur þröngar, sem skapast af legu hafnarinnar og aðstæðum á Akranesi. Á síðustu áratugum hefur verið unnið markvisst að því að verja höfnina þungum sjó, sem fylgir sterkum suðvestanáttum og öldu sem stendur þá beint á Aðalhafnargarðinn. Með endurbótum á Aðalhafnargarðinum hefur tekist að verja höfnina fyrir ágjöf, en ölduhreyfingar við ákveðnar aðstæður utan hafnar hafa valdið sögi í höfninni, sem skapar ókyrrð fyrir skip í viðlegu. Ýmislegt hefur verið gert til að koma í veg fyrir þessa ókyrrð, en án fullnægjandi árangurs. Hins vegar eru þessir dagar sem valda ókyrrð fáir og viðleguskilyrði allflesta daga ársins góð.

Margt hefur verið skoðað með það fyrir augum að draga úr ókyrrð í höfninni og bæta viðleguskilyrði skipa. Meðal annars hafa verið keyrð öldulíkön af höfn og þar skoðaðar ýmsar breytingar á frágangi sjóvarna og lenging og stefnubreyting Aðalhafnargarðs. Niðurstöður eru þær að mögulegt er að ná fram bættri kyrrð innan hafnar með endurbyggingu og þeim breytingum á Aðalhafnargarði sem hér eru sýndar. Ytri hluti Aðalhafnargarðs er bakki byggður úr kerjum. Þetta mannvirki er komið til ára sinna, ekki er hægt að dýpka við bakkann og komið er að endurnýjun hans.

Um margt er aðstaða og þjónusta í Akraneshöfn góð og í raun allt fyrir hendi ef viðskiptaaðilar ákveða að nýta þá aðstöðu sem þar er. Vandkvæði vegna ókyrrðar, sem einhverja daga ársins eru fyrir hendi, ættu að minnka með öldudempun innst í höfninni, lengingu Aðalhafnargarðs og breytti legu viðlegunnar.

Umsvif í Akraneshöfn hafa breyst allnokkuð á síðustu árum og þrátt fyrir það leiðarljós að efla Akraneshöfn sem fiskihöfn hefur þróun í útgerð og fiskvinnslu leitt til þess að umferð fiskiskipa um

¹ Byggt á *Akraneshöfn, starfsemi, skipulag og þróun* eftir Gísla Gíslason hafnarstjóra, dags. 5.4.2017 og upplýsingum frá Faxaflóahöfnum.

höfnina hefur minnkað verulega og löndun afla dregist saman. Sama á við um vöruflutninga. Höfnin gegnir áfram hlutverki sem þjónustuhöfn fyrir starfsemi Þorgeirs og Ellerts og Skagans 3X. Hugmyndir um farþegasiglingar gætu orðið að veruleika en aðstaða til þess er nánast öll fyrir hendi og sama má segja um aðstöðu fyrir hafsækna ferðaþjónustu, ef sú starfsemi verður í auknum mæli í höfninni.

Bygging á 220 m nýrri viðlegu við ytri hluta Aðalhafnargarðs opnar á möguleika þess að taka þar til hafnar stærri skip en í dag komast inn í Akraneshöfn.

2.2 SKIPULAG

2.2.1 AÐALSKIPULAG


Í Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 eru þrjú hafnarsvæði; svæði H3 við Lambhúsasund, svæði H2, Skarfatangahöfn, og svæði H1, núverandi höfn sem fyrirhuguð breyting nær til. Um hafnarsvæði H1 gilda eftirfarandi ákvæði:

Gildandi ákvæði

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
H1	13,5 ha	Akraneshöfn	Fjölbreytt hafnarstarfsemi, fiskvinnsla, þjónusta og önnur hafnsækin starfsemi. Deiliskipulag hefur verið unnið fyrir hluta hafnarsvæðisins.	Lokið skal gerð deiliskipulags hafnarsvæðisins. Höfn og athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi, fiskiðnað og aðra athafnastarfsemi. N: 0,5.

2.2.2 DEILISKIPULAG

Gildandi deiliskipulag Akraneshafnar var samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar þann 8. september 1987 og staðfest samkvæmt lögum nr. 19/1964 þann 13. október sama ár af Félagsmálaráðuneytinu. Skipulagið var unnið af Magnúsi H. Ólafssyni, arkitekt.



Mynd 3: Akraneshöfn, deiliskipulag hafnarsvæðisins frá 1987. Upphaflegt skipulag, breytingarhafa verið gerðar síðar.

Breyting á hluta skipulagsins, sem nær til lóðanna að Faxabraut 3-5 og Faxabraut 7, var auglýst í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og samþykkt í bæjarstjórn Akraness 27. apríl 1999. Sama svæði var breytt aftur 2007, samþykkt í bæjarstjórn 12. júní. Breyting var gerð á norðausturmörkum deiliskipulagsins 2017 þar sem deiliskipulagssvæðið var minnkað í tengslum við deiliskipulag Sementsreits (samþ. 12.9.2017). Þessar breytingar eiga ekki við þann hluta deiliskipulagsins sem nú er til umfjöllunar.

2.3 ÁFORMAÐAR BREYTINGAR

Fyrirhugaðar breytingar felast í eftirtöldum framkvæmdum:

- Nýr hafnarbakki með um 220 m viðlegu (90 metra lenging núverandi bakka), 11 m dýpi.
- Brimvarnargarður lengdur um 60 m
- Öldudeyfing milli Aðalhafnargarðs og Bátabryggju lagfærð og bætt.

Einnig verður snúningssvæði dýpkað innan hafnar og utan hafnarmynnis (ekki deiliskipulagsmál).

3 VIÐFANGSEFNI

3.1 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI



Mynd 4: Aðalskipulag Akraness 2005-2017, gildandi skipulag



Mynd 5: Aðalskipulag Akraness 2005-2017, drög að breytingu


Áformað er að breyta aðalskipulag Akraness 2005-2017 þannig að hafnarvæði H1 verði stækkað sem nemur lengingu Aðalhafnargarðs og brimvarnargarðs (breyting á skipulagsupprætti).

Engin breyting verður gerð á almennum texta greinargerðar eða almennum skilmálum. Breyta þarf sérákvæðum í kafla 3.3.9 í greinargerð um svæði H1 þar sem leiðréttu þarf flatarmál svæðisins. Ekki er talin ástæða til að breyta kafla 3.4.7 um landfyllingar.


Áformað er að við heildarendurskoðun aðalskipulagsins sem kynnt verður og auglýst 2018 verði svonefnd Skarfatangahöfn (svæði H2) felld út. Það verður því ekki gert við þessa aðalskipulagsbreytingu, þrátt fyrir að lenging aðalhafnargarðs virðist loka innsiglingu í áður áformaða Skarfatangahöfn. Á þeim tíma sem líður milli þessarar breytingar og gildistöku nýrrar heildarendurskoðunar mun aðalskipulag hafnarinnar því sýna sérkennilega afstöðu mannvirkja sem er öðru vísi en stefnt er að í endurskoðuðu aðalskipulagi. Með breytingunni verða skilgreindar forsendur fyrir nauðsynlegum framkvæmdum við Aðalhafnargarðinn en engin framkvæmdaáform eru um Skarfatangahöfn, sem felld verður út úr aðalskipulagi síðar.

3.2 BREYTING Á DEILISKIPULAGI

Breyting á deiliskipulagi Akraneshafnar mun eiga við hluta skipulagssvæðis, Aðalhafnargarð. Framsetningu skipulagsuppráttar verður breytt með litanotkun. Gerð verður grein fyrir eðli og umfangi breytinga. Að öðru leyti munu skilmálar í eldra deiliskipulagi gilda áfram óbreyttir.



Mynd 6: Deiliskipulag Akraneshafnar frá 1987, sá hluti skipulagssvæðis sem breytingin nær til.



Mynd 7: Drög að breytingu á deiliskipulagi. Lenging hafnargarðs og brimvarnargarðs.

4 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Skipulagsbreytingarnar eru háðar lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem í þeim felst framkvæmd sem fellur undir lög nr. 106/2000. Því verður unnin umhverfisskýrsla samhliða breytingu á aðalskipulagi þar sem metin verða þau áhrif sem nýr hafnarbakki, framlenging brimvarnargarðs og öldudeyfing á Akraneshöfn hefur á einstaka umhverfisþætti. Áhrifin verða metin í umhverfisskýrslu sem jákvæð (+), neikvæð (-), óveruleg (0) og óvissa/á ekki við (?). Eftirtaldir þættir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum, þá skal meta og gera grein fyrir þeim áhrifum eftir því sem við á.

Samfélagslegir þættir

- Atvinnulíf og efnahagur.
- Öryggi hafnarmannvirkja og skipaumferðar.
- Möguleikar þess að taka til hafnar stærri og djúpristari skip en áður var.

Umhverfisþættir

- Sjólag í og við höfnina.
- Ásýnd hafnarinnar og bæjarmynd; stærri hafnarmannvirki.

Svæðið er raskað og snertir hvorki sérstæðar náttúruminjar né sérstök vistkerfi. Ólíklegt er að fornleifar sé að finna á framkvæmdasvæðinu. Hægt verður að nýta jarðefni sem kemur upp við dýpkun hafnar og hafnarmynniss sem fyllingarefni. Annað fyllingarefni og efni í brimvarnargarð mun koma úr viðurkenndum námum með starfsleyfi. Efni verður að öllum líkindum flutt sjóleiðina að framkvæmdastað.

5 SKIPULAGSFERLI

Farið verður með breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og breytingu á deiliskipulagi Akraneshafnar skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

5.1 LÝSING

Með framlagningu og kynningu lýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við móttöku breytinga á aðalskipulagi og deiliskipulagi áður en gengið verður frá skipulagstillögum og þær auglýstar.

5.2 UMSAGNARAÐILAR

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands, minjavörðurinn á Vesturlandi
- Vegagerðin, siglingasvið
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Faxaflóahafnir
- Orkuveita Reykjavíkur/Veitur ohf.

5.3 AUGLÝSING TILLAGNA OG AFGREIÐSLA

5.3.1 KYNNING OG AUGLÝSING

Eftir að umhverfis- og skipulagsráð og bæjarstjórn hafa afgreitt skipulagstillögurnar til auglýsingar verður tillaga að aðalskipulagsbreytingu send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Að þeirri yfirferð lokinni og að teknu tilliti til ábendinga stofnunarinnar, ef ástæða þykir til, verða tillögurnar auglýstar. Stefnt er að auglýsingu í lok febrúar 2018. Auglýsingatími og athugasemdafrestur verður 6 vikur. Að því loknu gengur umhverfis- og skipulagsráð frá skipulagstillögum til bæjarstjórnar til samþykktar. Ef athugasemdir gefa tilefni til meiri háttar breytinga eða breytinga á grundvallaratriðum skipulagstillagnanna skulu þær auglýstar að nýju.

5.3.2 STAÐFESTING OG GILDISTAKA

Eftir samþykkt bæjarstjórnar verður aðalskipulagsbreytingin send Skipulagsstofnun til staðfestingar og auglýsir stofnunin gildistöku hennar. Gildistaka deiliskipulagsins verður auglýst þegar breyting á aðalskipulagi hefur verið staðfest. Stefnt er að gildistöku í maí 2018.

5.4 SKIL ÁBENDINGA OG ATHUGASEMDA VIÐ LÝSINGU

Skipulagslýsing verður send umsagnaraðilum, kynnt með auglýsingum í blöðum og dreifiritum, á vef Akraneskaupstaðar <http://www.akranes.is/> og verða aðgengileg í þjónustuveri Akraneskaupstaðar að Stilholti 16-18. Á kynningartíma verður almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og sjónarmið um fyrirhugaðar breytingar. Þær skulu vera skriflegar og sendar á þjónustuver Akraneskaupstaðar Stilholti 16-18 eða á netfangið skipulag@akranes.is, merkt Akraneshöfn – skipulag. Kynningartími og skilafrestur ábendinga kemur fram í auglýsingu og á vefsíðu Akraneskaupstaðar.